

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
7. fundur 2020 (100. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 14.12.2020 kl. 08:15 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Kristinn Halldórsson	"
Steinþór Einarsson	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi
Skúli Lýðsson	Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

Einar Jón tók þátt í fundinum með fjarfundarbúnaði.

1. Breyting á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi B svæðis. Auknar byggingarheimildir

Lögð var fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar, dags. í desember 2020, varðandi auknar byggingarheimildir á öryggissvæði, B svæði.

Breytingin felst í að breyta töflu 4.1 um byggingarheimildir á öryggissvæði í kafla 4.3 í greinargerð aðalskipulagsins. Viðbótar byggingarréttur samkvæmt tillögunni breytist úr 10.000 m² í 35.000 m².

Í greinargerð með tillögunni er sýnt fram á með stoð í gátlista Skipulagsstofnunar að telja má að um sé að ræða óverulega breytingu á aðalskipulagi.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkti framangreinda breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar sem óverulega breytingu á aðalskipulagi. Grenndarkynning fellur niður þar sem aðilar að aðalskipulagi flugvallarins eru jafnframt einu hagsmunaaðilar.

2. Erindi Isavia um breytingar á umferðarskipulagi norðan Flugstöðvar (Reykjanesbraut og umferð innan lóðar Flugstöðvarinnar)

Lagt var fram erindi Isavia, dags. 09.12.2020, þar sem kynntar eru hugmyndir að hringtengingu forgarðs Flugstöðvarinnar við Reykjanesbraut. Á fundinum með fjarbúnaði kynnti fulltrúi Isavia, Brynjar Vatnsdal, nokkrar sviðsmyndir um hvernig auka megi umferðaröryggi og -flæði við Flugstöðina. Meginefni tillagnanna er að leiðir að og frá Flugstöðinni verði með einstefnu. Umferðaröryggisrýni á vegum Vegagerðarinnar hefur farið fram og er jákvætt gagnvart tillögunum.

Isavia óskar eftir að framkvæmdin sé metin sem óveruleg breyting á deiliskipulagi þannig að hefja megi vinnu við fullnaðarhönnun vegtengingarinnar.

Skipulagsnefndin samþykkti að óska eftir áliti skipulagshöfunda aðalskipulags og deiliskipulags svæðisins á framangreindum tillögum. Málinu er frestað til næsta fundar nefndarinnar.

3. Tillaga að viðauka við landsskipulagsstefnu 2015 – 2026

Lagt var fram erindi frá Skipulagsstofnun, dags. 1. nóvember 2020, þar sem kynnt er tillaga að viðauka við landsskipulagsstefnu. Viðaukinn fjallar um loftslag, landslag og lýðheilsu. Að auki eru nokkrar viðbætur við fyrirliggjandi kafla 4. Skipulag á haf- og strandsvæðum.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar gerir ekki athugasemdir við skipulagstillöguna.

4. Breyting á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar vegna tengingar þjónustuvegar við Reykjanesbraut

Með bréfi, dags. 3. desember 2020, tilkynnti Skipulagsstofnun að stofnunin hefði staðfest ofangreinda breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2013 – 2030.

5. Breyting á svæðisskipulagi Suðurnesja vegna vatnsverndarsvæðis og flugbrautakerfis á Keflavíkurflugvelli

Með bréfi dags. 15. október 2020, tilkynnti Skipulagsstofnun Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja og aðilum, sem eiga aðild að skipulaginu, að stofnunin hefði staðfest ofangreinda breytingu á svæðisskipulagi Suðurnesja 2008 – 2024.

6 Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 25. janúar 2021 kl. 08:15 í FLE.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx